



Haraldur Sveinbjarnarson

Bjarni Benediktsson – Haraldur Sveinbjarnarson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HARALDUR SVEINBJARNARSON

IMPORTER OF AUTOMOBILES, TRUCKS, SPARE-PARTS AND ACCESSORIES, ETC.
ALSO HOUSEHOLD GOODS

Reykjavík, Iceland, 15. Marz 19 42

Háttvirti borgarstjóri.

Nú er sunnudagsmorgun, og í dag mun eiga að kjósa fulltrúa í bæjarstjórn Reykjavíkur, það bera dagblöðin með ser, og astabréf frambjóðenda streyma inn a hvert heimili.

Mér datt í hug, væri það ekki smávegis grín, að lofa frambjóðanda í eitt skifti að heyra hugsunarhátt kjósandans. Eg hefi valið yður, ekki vegna þess að eg hafi neitt útá yður að setja, personulega eða sem borgarstjóra, (það eru fleiri í bæjarstjórn en þér), heldur hefi ég valið yður vegna þess að þér eruð mér vitanlega, eini frambjóðandinn í sjalfstæðisflokknum, sem sent hefur kosningabréf frá sér personulega.

Eg vil með þessum línum mínum benda á, að það er margt sem mér þykir miður fara hjá bænum nú sem áður, ég hefi litið pannig á í mörg ár, og það löngu fyrir yðar tíð í bæjarstjórn. Eg vil aðeins minnast a nokkur dæmi, sem mer falla sjaldan úr minni, þegar minnst er á bæjarsjóð Reykjavíkur.

Eg kom til Reykjavíkur 1923, og hefi ýmislegs orðið áskynja síðan.

Eg vil þá fyrst minnast á gatnagerðina hér í bænum, hún hefur mér altaf fundist fram úr hófi athugaverð. Mest hefur verið gert að því að bera eða aka finum sandi ofaní göturnar, sem oft hefur fokið um leið eða daginn eftir að hann var latinn þar. ekki purfti annað en að vindur blesi dálítið af einhverri átt, þa var ofaníburður þessi allur farinn strax, og hvert fór hann? Hann þyrlaðist upp í loftið og leitaði sér skjóls við rennusteina, undir husveggjum og ekki síst í vitum þeirra sem um göturnar gengu. Mér er sagt að svipuð vinnubrögð eigi sér stað á Kleppi, sjúklingarnir seu látnir bera sand í botnlausar tunnur. Mér hefur ennfrémur verið sagt, að eitthvert efni sé til, sem láta megi saman við finan ofaníburð, til að varna því að hann fjúki, og svo mikið er víst að ég hefi viða komið erlendis, en hvergi þar orðið var við sandrok á götum bæja eða borga. Einnig hefur mér fundist vinnubrögð þeirra er unnið hafa í bæjarvinnunni undanfarin ár mjög léleg.

Fyrir nokkrum árum var atvinnuleysi mikið hér í bænum. Þá voru grafnir nokkrir skurðir hér uppi í holtum, suður og upp af Elliðaánum, í stað þess að taka nokkur skip á leigu, og láta þau fiska fyrst og fremst fyrir bæjarbúa, (sem þá voru fisklausir nokkuð lengi), eins og einn maður stakk uppa í blöðunum þá. Það hefði fljótt gefið einhverja peninga aftur, en skurðirnir uppi í holti munu litla peninga vera farnir að gefa ennþá.

Einnig dettur mér í hug, að sporna hefði mátt meira en gert hefur verið, við byggingu setuliðsbustaða hér í sjálfum bænum. Bygging þeirra á Akureyri kemur mér til að halda það, en það er erfitt mál, og skal ekki að því vikið meir.

Nú vil ég dálítið víkja að viðskiftum mínum við bæjinn.

Fyrir nokkrum árum, (löngu fyrir yðar borgarstjóratíð), varð ég svo óheppinn að eignast hús suður í Skerjafirði, í húsi þessu voru 6 íbúðir, framh.

af þeim leigði bæjarsjóður Reykjavíkur oftast helminginn, en húsaleiguna fekk ég ekki greidda nema þegar fátækrafulltrúunum þóknaðist að greiða hana, sennilega eftir því sem umsamdist í hvert eitt sinn milli þeirra og purfalinganna. Og þykir mér því leitt að segja að ég hefi engan leigjanda haft, hvorki í umtöluðu húsi eða annarstaðar jafn óábyggilegann sem bæjarsjóð Reykjavíkur á þeim árum. Margur mundi nú ef til vill segja, að ég hefði ekki þurft að leigja bænum, nema með fullri skriflegri ábyrgð, og er það rett, enda mundi ég ekki gera það nú. En þá hafði ég ekki reynt þetta, og ábyrgðin fékkst ekki nema munnleg, sem allt var svikið, og sömu sögu hafa fleiri sagt mér. En ég treysti þá bæjarféluginu fyrir svona smámunum, og bjóst ekki við neinu svindli frá þeim stað.

Síðast liðið sumar, flaug mér sú vitleysa í hug, að byggja mér húskofa hér í bænum, vegna þess að ég hafði selt það sem ég atti fyrir. Eg sótti um löð hjá bænum, fekk hana, og gekk sú afgreiðsla greiðlega. Nú var hafinn undirbúninur að byggingu, því um annað var ekki að gera, þar sem löðina atti að taka af mer (sem öðrum) eftir 1 mánuð, ef ekkert var farið að gera, og þótti mér það sanngjörn ráðstöfun, en fljótt kom í ljós að þessi ráðstöfun gat tæpast staðist, sökum þess, að þegar búið var að grafa gekk mjög erfíðlega og seint, að fá mann frá bænum (sem áskilið er) til þess að segja um hvar húsið atti að standa, ("setja húsið niður" sem peir kalla).

Þessu næst fór ég í timburverzlun, til að sækja timbur sem ég hafði pantað fyrir tveim mánuðum, og vissi að nú var komið. Fékk eg þá það svar að timbrið væri ekki til, "það er ekki rétt" sagði ég, "timbrið er til, það er verið að stafla því upp", þetta var einmitt sa tími sem ég atti að fá timbrið á, og nú var það komið, vissi ég.

Fékk ég þá endurnýjað svar, á það leið að ég gæti samt sem áður ekki fengið það, "vegna hvers", spurði ég. "Vegna þess að Reykjavíkurber hefur krafist að fá allt timbur sem við höfum núna", var svarið. (Þetta var um miðjan September). "Jæja", sagði ég, "það getur jafnvæl tekist að byggja 100 braðabyrðaíbúðir á húfum mánuði, með svona ráðstöfunum". Ennfremur bætti ég við, "fleiri þurfa húsnæði en þeir sem leita á náðir bæjarins", og var það samþykkt í einu hljóði, en timbrið fékk ég ekki.

Ennfremur varð ég svo óheppinn við þessa byggingu, að lenda á múnarameistara, sem mer reyndist ómögulegur og verkinu ekki vaxinn, neyddist ég því til að láta hann hætta að vinna fyrir mig, það var í November, en nálægt Nýjári bar ég mig upp við byggingarnefnd, og bað um að þessi maður yrði strikaður út af teikningu minni, en einhverra hluta vegna sem ég ekki skil hefur það ekki verið gert ennþá. Þetta get ég ekki skilið, enda þótt mér skildist það á byggingafulltrúa að hann pekti vinnubrögð þessa manns, og vildi helst taka af honum rettindi, þa var það ekki það sem ég óskaði eftir, og ég get þarf leiðandi ekki skilið, hvernig það purfti að stoppa mína byggingu, sem hefur aukinn kostnað í fór með sér, þeði í hækkandi verði á efni og eyðileggingu á sementi sem liggar á staðnum, í ófullnæjandi húsi. Enda fæ ég ekki skilið að byggingarnefnd hugsi sér, að ég eða aðrir muni nokkurn tíma gera sér að goðu, að láta þá menn byrja aftur á vinnu fyrir sig, sem hafa reynst ómögulegir og jafnvæl ófrómir. Enda get ég ekki séð neina interest á því frá hennar hlið. En á meðan nefndur múnarameistari ekki er strikaður útaf teikningunni, get ég ekki látið annan byrja.

Hefur þessi umkvörtun míð gengið frá Heródesi til Pílatusar í áðurnefndan tíma, og enginn endir fyrirsjaanlegur, og sætir líklegast að lokum dómi Pílatusar, en hver borgar brusann? p.e.s. tap mitt og fyrirhöfn, sem er afleiðing þessa óparfa dráttar.

Um leið og ég bið afsökunar á stílsetningu á þessu rausi, vil ég fullvissa yður um, að þessar línum eru ekki skrifaðar af neinum kala eða vantrausti til yðar, heldur aðeins til að benda á galla, sem ef til vill ma laga, og að svipuðu hafa ef til vill fleiri kjósendur kynnst, og jafnvæl týnst fyrir, og að svona hugsa sumir kjósendur aður en þeir framh.

krossa á seðilinn sinn. Og nú fer ég beina leið niður í skóla, og krossa fyrir framan Dið. Lengi lifi stefnan, en margt mætti breytast.

Með ósk um góðan árangur, kveð ég yður

Með vinsemd og virðingu

Hælin Bjarnarson

Til
Borgarstjórans í
Reykjavík.